

**VARP DÝPKUNAREFNA VEGNA
VIÐHALDSDÝPKUNAR Í LANDEYJAHÖFN,
RANGÁRÞINGI EYSTRÁ**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin losun á efni í hafið vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn (samtals 320.000 m³), Rangárþingi eystra, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er losun dýpkunarefnis í hafið háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Siglingastofnun Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins, vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. desember 2010.

24. nóvember 2010

INNGANGUR

Þann 25. október 2010 voru tilkynnti Siglingastofnun Íslands til Skipulagsstofnunar breytingu á framkvæmd viðhaldsdýpkunar í Landeyjarhöfn, Rangárþingi eystra, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings eystra, Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 17. nóvember 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. nóvember 2010. Umsögn barst ekki frá Rangárþingi eystra.

Frekari upplýsingar bárust frá Siglingastofnunar Íslands, með bréfi dags. 8. nóvember 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða breytingu á framkvæmd sem Skipulagsstofnun tók ákvörðun um matsskyldu þann 17. mars 2010 varðandi losun dýpkunarefnis úr Landeyjahöfn í hafið. Þá var gert ráð fyrir að losa í upphafi 150.000 m³ af dýpkunarefni og árlega 20.000 m³ á um 20 m dýpi suður af ósi Markarfljóts. Gert var ráð fyrir að þykkt dýpkunarefnis á sjávarbotni yrði að jafnaði innan við 2 m og þekkti um 90.000 m² svæði.

Fram kemur í nýrri tilkynningu Siglingastofnunar Íslands að nú þurfi að dýpka höfnina um 180.000 m³ veturinn 2010 til 2011, 80.000 m³ veturinn 2011 til 2012 og 60.000 m³ 2012 til 2013. Samtals verði viðhaldsdýpkunin áætluð um 320.000 m³. Nú sé gert ráð fyrir þremur losunarsvæðum á 20-30 m dýpi. Aðal losunarsvæðið (svæði 3) verði það sama og í fyrri tilkynningu (suður af ósi Markarfljóts), en nú sé gert ráð fyrir að svæðið verði 250.000 m² að stærð, miðað við 2 m þykkt dýpkunarefnis sem losað verði þar. Einnig verði notað svæði suðvestur af höfninni (svæði 1, flatarmál 90.000 m²) og beint suður af henni (svæði 2, flatarmál 90.000 m²). Svæðið suður af höfninni verði einungis notað ef höfnin hafi lokast og flýta þurfi dýpkun hennar eins og kostur sé.

Tilgangur framkvæmdar sé að halda Landeyjahöfn opinni svo að ferja geti siglt á milli lands og Eyja.

Áhrif á lífríki og nytjar. Fram kemur að dýpkunarefni verði losað á svæðum þar sem í gildi sé bann við öllum veiðum (reglugerð nr. 732/1997). Því séu ekki til gögn um veiðar á svæðinu við Bakkafjöru. Á meira en 10 m dýpi utan við Landeyjahöfn sé kornastærð botnsets innan við 0,2 mm og botngerð talin svipuð á öllum þremur losunarstöðunum. Kornastærðargreining á botnseti frá svæðinu utan við höfnina hafi leitt í ljós að þar sé ekkert lífrænt efni á hafsbotni.

Hugsanlegt sé að vegna losunar dýpkunarefnis verði lífríki á sjávarbotni fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Rannsókn á botndýralífi á losunarssvæðum 1 og 3 hafi leitt í ljós að þar séu ekki sjaldgæfar tegundir og lífríki ekki fjölbreytt á svæðunum. Áætlað sé að dýralíf sé sambærilegt á losunarsvæði 2, beint suður af Landeyjahöfn. Almennt eigi botndýr erfitt uppdráttar þar sem öldurót er mikið og sterkir sjávarstraumar, líkt og raunin sé við Landeyjahöfn. Vegna öldugangs á svæðinu sé líklegt að botnset hreyfist mikið og botn geti breyst mikið á stuttum tíma. Því sé ólíklegt að botndýralíf

og fiskistofnar verði fyrir varanlegum áhrifum vegna losunar dýpkunarefnisins. Siglingastofnun telur, að ekki hljóttist umtalsverð umhverfisáhrif af framkvæmdinni.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhugað losunarsvæði er utan netlaga, sem eru stjórnsýslumörk sveitarfélaga á haf út (115 m frá strönd, miðað við stórstraumsfjöru).

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Hafrannsóknastofnunin og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á lífríki sjávar. Hafrannsóknastofnunin telur ljóst að efni frá Markarfljóti muni berast að höfninni um ókomin ár vegna strandstraums við Suðurströndina, sem liggja að jafnaði til vesturs. Samkvæmt upplýsingum í matsskýrslu Siglingastofnunar vegna Landeyjahafnar megi eiga von á að eftir aftakaveður þurfi að hreinsa 80.000 m³ af sandi úr hliði á sandrifi utan við Landeyjahöfn og innsiglingarennu hennar. Til viðbótar ölduhreyfingu komi tilfærsla á efni vegna framburðar frá Markarfljóti. Auk þess virðist vera erfitt að meta aðfærslu efnis að Landeyjahöfn og í ljós hefur komið að þörf sé fyrir nær stöðuga dýpkun þann tíma sem höfnin hafi verið opin. Svo kunnir að verða áfram, í það minnsta yfir vetrartímann. Telur Hafrannsóknastofnunin því mikla óvissu ríkja um áætlað væntanlegt magn dýpkunarefna sem þurfi að hreinsa frá innsiglingu og höfn á næstu árum og það gæti hæglega orðið mun meira en það magn sem Siglingastofnun áætli.

Hafrannsóknastofnunin bendir á að Siglingastofnun telji að við Landeyjahöfn sé hreyfing á botnseti mest á innan við 11 m dýpi og lítil hreyfing á seti neðan við 20 m dýpi. Dýpi á losunarsvæðum sé meira en 20 m og samkvæmt þessu gæti lífríki á losunarsvæðum allt eins verið nokkuð stöðugt. Hafrannsóknastofnunin telur að upplýsingar um botndýralíf séu ekki þess eðlis að óyggjandi megi meta hvort fyrirhugaðir losunarstaðir séu heppilegir. Rannsókn á botndýralífi þar sem dýpkunarefni úr Þorlákshöfn sé losað hafi einnig gefið til kynna fátæklegt botndýralíf og þó dýpi þar sé minna en við Landeyjahöfn séu aðstæður á báðum svæðum svipaðar og mikil hreyfing á lausu efni við botn. Loks bendir Hafrannsóknastofnunin á að losun dýpkunarefnis þurfi að taka tillit til þess að hún sé í nánd við neðansjávarlagnir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að dýpkunarefni verði fyrst og fremst losað á svæði suðaustan við Landeyjahöfn (svæði 3), en að svæðið til suðvesturs (svæði 1) verði eingöngu notað í þeim tilfellum þegar sjólag og aðstæður sé erfiðar til losunar austan við höfnina. Á sínum tíma hafi Umhverfisstofnun mælt til þess að þessi háttur verði á, í ljósi þess að vestasta losunarsvæðið sé nálægt sæstreng sem liggja milli lands og Eyja. Stofnunin bendir jafnframt á að í um 500 m fjarlægð frá vesturmörkum svæðis 1 liggja vatnslögn til Vestmannaeyja. Þá leggur Umhverfisstofnun áherslu á að losunarsvæðið sunnan við höfnina (svæði 2) verði eingöngu notað þegar Landeyjahöfn hefur lokast og mikilvægt að flýta þá dýpkun eins og kostur sé.

Í svari Siglingastofnunar kemur fram að vegna ábendingar Umhverfisstofnunar hafi losun dýpkunarefnis verið færð af svæði 1 og yfir á núverandi losunarsvæði (svæði 3). Siglingastofnun bendir á að með tímanum hafi botnefni borist yfir áðurnefnda vatnslögn og litlar líkur séu á að henni stafi hætta af losun dýpkunarefnis, sem sé í um 500 m fjarlægð.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á framkvæmd vegna dýpkunar Landeyjahafnar, sem áður gerði ráð fyrir að taka 150.000 m³ af efni af sjávarbotni og árlega um 20.000 m³ til að viðhalda dýpi í innsiglingarennu. Losunarsvæðið var á stað um 3 km suðaustan við Landeyjahöfn, á um 20 m dýpi.

Nú stendur til að dýpka höfnina um 180.000 m³ veturinn 2010 til 2011, 80.000 m³ veturinn 2011 til 2012 og 60.000 m³ 2012 til 2013. Efnið verður losað á þremur svæðum á 20-30 m dýpi: sunnan við ós Markarfljóts (aðal losunarsvæðið), suðvestur af Landeyjahöfn og beint suður af höfninni (notað í neyðartilfellum).

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að allt bendi til þess að á hafsbotni utan við Landeyjahöfn sé botndýralíf fábrotið. Líklegt sé að lífríki strandsvæðisins sé mótað af náttúrulegum setflutningum utan við Landeyjahöfn með strandstraumi og tilfallandi ölduróti, sem geri það að verkum að það þoli betur áhrif losunar dýpkunarefna, en lífríki sem er aðlagð kyrrara sjólagi. Stofnunin telur að varp dýpkunarefnis úr Landeyjahöfn utan við höfnina geti leitt til rasks fyrir lífríki á losunarsvæðinu. Það verði þó ekki verulegt m.a. með hliðsjón af heildarstærð losunarsvæða í samanburði við samfellda strandlengju við Suðurland þar sem umhverfisaðstæður eru sambærilegar því sem er við Landeyjahöfn.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að óvissa er um hvort áætlun Siglingastofnunar standist um magn efnis sem hreinsa þarf frá innsiglingu og höfn á komandi árum. Þá tekur Skipulagsstofnun einnig undir með Umhverfisstofnun um að losunarsvæðið sunnan við höfnin (svæði 2) verði eingöngu notað þegar Landeyjahöfn hefur lokast, en að jafnaði sé efni einungis losað sunnan við ósa Markarfljóts (svæði 3).

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Siglingastofnunar Íslands, við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin losun á efni í hafið vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn (samtals 320.000 m³), Rangárþingi eystra, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er losun dýpkunarefnis í hafið háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Siglingastofnun Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. desember 2010.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson